



# Innkaupastefna

Útg.dagur 14.09.2021

Útg.nr.: 1 Samp.: SIÓ

Innkaupa stefna þessi gildir fyrir öll innkaup hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands vegna fjárfestinga og/eða kaupa á vöru og þjónustu.

Tilgangur innkaupastefnunnar er að stuðla að hagkvæmni í rekstri við kaup á vörum og þjónustu af hálfu FVA, sem stenst settar kröfur og tryggja góða og viðurkennda viðskiptahætti.

Meginmarkið er að innkaup FVA séu sjálfbær, hagkvæm og gagnsæ.

- Innkaup skulu fara fram af fagmennsku, þekkingu og í samræmi við ákvæði laga og reglna um opinber innkaup.
- Beita þarf markvissum og skipulögðum innkaupaaðferðum til að stuðla að hagkvæmni í rekstri. Innkaupareglur eru skýrar og gegnsæjar.
- Innkaupin skulu taka mið af umhverfisstefnu FVA og kaupa skal vörur sem merktar eru með viðurkenndum umhverfismerkjum, þegar það er mögulegt.
- Áður en innkaup eru gerð er þörfin vandlega yfirfarin.
- Stuðla skal að virkri samkeppni um kaup á þjónustu og vörum til FVA með því að nýta rammisamning Ríkiskaupa eftir því sem frekast er unnt og leita verðtilboða frá fleiri en einum aðila eða að innkaup fari fram með örútbóði/útbóði.
- Jafnræðis skal gæta milli þeirra sem eiga viðskipti við FVA og við innkaup skal huga að því að upplýsingar varðandi þau séu opinberar upplýsingar.
- Innkaupastjóri/Umsjónarmaður fasteigna skal hafa yfirumsjón með framkvæmd vöruinnkaupa í samráði við fjármálastjóra og skólameistara.
- Ábyrgð á kaupum á vörum og þjónustu er endanlega hjá skólameistara sem er ábyrgur fyrir því að innkaup séu gerð í samræmi við samþykktar rekstrar- og fjárhagsáætlanir.

14. september 2021

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari